

Ákærði Grétar greiði skipuðum verjanda sínum, Brynjólfi Kjartanssyni hæstaréttarlögmanni, 120.000 krónur í málsvarnarlaun, ákærðu Einar Þór og Kristján Ingi greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni héraðsdómslögmanni, óskipt 120.000 krónur í málsvarnarlaun og ákærði Jóhann greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, 80.000 krónur í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærði Grétar að hálfu, en hinir ákærðu að 1/6 hluta hver.

Fimmtudaginn 22. október 1981.

Nr. 158/1980. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Inga Bragasyni

(Páll S. Pálsson hrl.)

og

Magnúsi Helga Kristjánssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Samkvæmt ákæruskjali voru fimm menn ákærðir, en héraðsdómi eingöngu áfrýjað til Hæstaréttar að því er tvo þeirra varðar, ákærðu hér fyrir dómi.

Héraðsdómi var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Í héraðsdómi er málavöxtum lýst og vísað til réttra laga-ákvæða um brot ákærðu og um ákvörðun refsingar þeirra að öðru leyti en því, að eigi þykir eiga að ákveða refsingu ákærða Kristjáns Inga Bragasonar með hliðsjón af 78. gr.

almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að öðru leyti á héraðs-dómur með skírskotun til forsendna hans að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Dæma ber ákærða Kristján Inga Bragason til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur, og ákærða Magnús Helga Kristjánsson til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.000.00 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma ákærðu til að greiða óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því leyti sem honum hefur verið skotið til Hæstaréttar.

Ákærði Kristján Ingi Bragason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 3.000.00 krónur.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. júlí 1980.

Ár 1980, þriðjudaginn 15. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakdaómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 382-385/1980: Ákæruvaldið gegn Bjarna Sigurðssyni, Magnúsi Helga Kristjánssyni, Kristjáni Inga Bragásyni og Sigurði Markúsi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 11. þ. m.

Í máli þessu, sem höfðað er með ákæru, dags. 30. maí sl., eru ákærðir:

- 1 Bjarni Sigurðsson, Karfavogi 54, Reykjavík, nú refsifangi, fæddur 18. júní 1961 í Reykjavík,

2 *Magnús Helgi Kristjánsson*, Hverfisgötu 102 B, Reykjavík, fæddur 3. maí 1955 í Reykjavík,

3 *Kristján Ingi Bragason*, Gnoðarvogi 74, Reykjavík, nú refsifangi, fæddur 19. janúar 1962 í Reykjavík,

4 *Sigurður Markús Sigurðsson*, Suðurgötu 16, Akranesi, nú gæslufangi, fæddur 22. júlí 1961 í Reykjavík.

Málið var auk þess höfðað gegn Sigurði Stefáni Almarssyni, Karfavogi 33, (sbr. ákæruliði II og III), en sakir þess, að hann er horfinn úr landi, hefur málinu verið skipt, og verður þáttur hans dæmdur síðar í sérstöku máli.

Sakarefni er svo lýst í ákæru:

„I. Ákærðu Bjarna, Kristjáni Inga og Sigurði Markúsi er gefið að sök skjalafals og þjófnaður með því að hafa, laugardaginn 29. desember 1979, stolið seðlaveski með tékkhefti og 500 kr. úr íbúð að Asparfelli 12 í Reykjavík og hafa síðan í félagi falsað og selt úr heftinu þrjá tékka, útgefna þann dag til handhafa á reikninga í Landsbanka Íslands, svo sem rakið er:

Nr. 3481806, reikn. 3472, kr. 4.000, með nafni Sverris Sveinsonar, sem ákærði Sigurður Markús ritaði, greiðsla til Einars Pálssonar bifreiðarstjóra fyrir leiguakstur um Reykjavík.

Nr. 3481808, reikn. 8602, kr. 4.500, með nafni Sverris Ásmundssonar, sem ákærði Kristján Ingi ritaði, seldur í versluninni Stefnumóti, Laugavegi 32, Reykjavík.

Nr. 3481807, reikn. 734, kr. 6.000, með nafni Garðars Jakobsssonar, sem ákærði Bjarni Sigurðsson ritaði, seldur í veitingahúsinu Aski við Laugaveg í Reykjavík.

Telst atferli ákærðu, eins og því er lýst hér að framan, varða við 244. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákærðu Kristjáni Inga og Sigurði Stefáni eru gefnir að sök tveir innbrotsþjófnaðir í Reykjavík aðfaranótt þriðjudagsins 3. apríl 1980.

— Með því að hafa brotist inn í Ísbúðina, Laugalæk 6, brotið upp peningakassa, stolið úr honum 1.400 krónum, ennfremur slegið eign sinni á útvarpstæki og etið matvæli af birgðum versunarinnar.

— Með því að hafa brotist inn í kjallaraíbúð að Glaðheimum 8 og stolið 175.000 krónum í peningum, ljósmyndavél og útvarpstæki.

Telst þetta hvort tveggja varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III. Ákærðu Magnúsi Helga og Sigurði Stefáni er gefið að sök að hafa, aðfaranótt laugardagsins 12. apríl 1980, farið inn í íbúð að Efstasundi 67 í Reykjavík og stolið 34.300 krónum í peningum og tveimur vindlingapökkum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Ákærða Kristjáni Inga er gefið að sök að hafa, aðfaranótt miðvikudagsins 27. febrúar 1980, brotist inn í verslunina Skeifuna við Tryggvagötu í Reykjavík og stolið allt að 20 vindlingapökkum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

V. Ákærða Sigurði Markúsi eru gefin að sök þjófnaðarbrot og ölvun á almannafæri á Akranesi, svo sem rakið er:

1) Með því að hafa í öläði brotið tvær rúður í húsinu nr. 23 við Suðurgötu, aðfaranótt laugardagsins 20. desember 1979.

2) Með því að hafa síðar um nóttina smogið inn um glugga á húsinu nr. 8 við Sóleyjargötu og stolið allt að 14.000 krónum úr veski, sem ákærði fann þar, tveimur vindlingapökkum og kveikjara.

3) Með því að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. desember 1979 í öläði brotið fjórar rúður í húsinu nr. 69 við Vesturgötu.

4) Með því að hafa sunnudagskvöldið 4. maí 1980 brotið rúðu í öläði í húsinu nr. 14 við Laugarbraut.

5) Með því að hafa aðfaranótt mánudagsins 5. maí 1980 brotist inn í hús Pósts og síma við Kirkjubraut og leitað að verðmætum til þess að stela.

Telst atferli ákærða, eins og því er lýst í liðum 1, 3 og 4, varða við 21. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978, en í lið 2 við 244. gr. almennra hegningarlaga og í lið 5 við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

VI. Þá eru ákærða Sigurði Markúsi gefnar að sök nytjatökur á Breiðdalsvík aðfaranótt sunnudagsins 10. júní 1979:

Með því að taka í heimildarleysi bifreiðina U 2805 við Selnes 36 og aka henni þar til hún festist í for við Braga verbúð.

Með því síðan að taka í heimildarleysi bifreiðina U 1992 við Sólbakka 11 og aka henni nokkurn spöl aftur á bak.

Telst þetta atferli ákærða varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

I. Síðdegis laugardaginn 29. des. 1979 fóru ákærðu Bjarni,

Kristján Ingi og Sigurður Markús saman inn í ólæsta forstofu að íbúð í Asparfelli 12, og úr vasa á jakka, sem hékk þar, tók Sigurður seðlaveski, er í voru um 500 kr. í peningum og tékkhefti. Fóru ákærðu síðan út. Um kvöldið notuðu þeir sameiginlega þrjá tékka ritaða á eyðublöð úr heftinu. Ritaði hver ákærðu einn tékka. Er tékkunum að öllu leyti rétt lýst í ákæru svo og því, hvernig ákærðu notuðu tékkana. Ákærðu voru handteknir um kvöldið, er þeir voru að koma út úr versluninni Stefnumóti, þar sem þeir höfðu selt 4.500 kr. tékka. Kristján hafði á sér veski það, sem Sigurður Markús hafði tekið í Asparfelli 12. Það var eign Eddu Hilmarsdóttur, Dvergabakka 24, er hafði verið gestkomandi í Asparfelli 12. Hún fékk veskið með tékkheftinu til baka. Þá kemur einnig fram, að bifreiðarstjóri sá, sem tók við 4.000 kr. tékkanum, hafi fengið 2.100 kr. endurgreiddar við rannsókn málsins.

Af hálfu eiganda veskisins, Eddu Hilmarsdóttur, Dvergabakka 24, er engin krafa gerð, en kröfugerðir af hálfu eigenda tékkanna eru í rannsóknargögnum málsins svo vanbúnar, að þær verða ekki teknar til úrlausnar í máli þessu.

II. Aðfaranótt þriðjudagsins 8. apríl sl. var innbrot framið í Ísbúðina, Laugalæk 6. Samkvæmt framburði ákærða Kristjáns Inga framdi hann þetta innbrot ásamt ákærða Sigurði Stefáni Almarssyni. Kveðst Kristján Ingi hafa spennt upp dyrnar með ísexi. Þeir hafi síðan fengið sér að borða og Sigurður Stefán hafi tekið með sér nokkuð af peningum, eða um 1.400 kr., en sjálfur kveðst Kristján hafa tekið útvarpstæki. Með það fóru þeir félagar síðan inn í Glaðheima, og skildi Kristján tækið þar eftir.

Sömu nótt var innbrot framið í hús nr. 14 í Glaðheimum (ekki í 8 eins og segir í ákæru). Brotin var rúða í útihurð að íbúð í kjallara og rótað í skápum, hillum og skúffum og tekið útvarpstæki, ljósmyndavél og um 175.000 kr. í peningum. Lögregluþjónar, sem komu á staðinn, handtóku ákærða Kristján Inga skömmu síðar. Hann hefur kannast við, að hann hafi brotist inn í nefnda íbúð í félagi við Sigurð Stefán og hafi það verið Sigurður Stefán, sem braut rúðuna og opnaði síðan. Kveðst Kristján Ingi hafa tekið með sér útvarpstæki (magnara) og vafið innan í kápu og farið með þetta út á leikvöll, þar sem hann hafði áður skilið eftir tæki það, sem hann hafði tekið í ísbúðinni. Sigurður Stefán hafi tekið myndavél og vera megí, að hann hafi tekið peninga, en um það kveðst Kristján Ingi ekki hafa vitað.

Tækin fundust, þar sem þeim hafði verið komið fyrir, og var komið til skila.

Svo sem áður var frá greint, hefur Sigurður Stefán ekki komið fyrir dóm í máli þessu, en skýrslur, sem teknar voru af honum við rannsókn málsins, eru í fullu samræmi við framburð ákærða Kristjáns Inga. Hefur Sigurður Stefán þar kannast við þátttöku sína í báðum innbrotunum. Hann hefur skýrt frá því, að hann hafi tekið peningafúlgú í íbúðinni í Glaðheimum, en af henni skilaði hann einungis 2.700 kr. Myndavélin hefur komist til skila.

Ástvaldur Guðmundsson, Glaðheimum 8, gerði kröfu um, að ákærðu yrðu dæmdir til greiðslu á 172.300 kr. Eins og hér stendur á, þar sem þáttur Sigurðar Stefáns verður ekki dæmdur í málinu, og ekki er fyrir hendi skýrsla tekin af honum fyrir dómi, þykir ekki fært að taka kröfu þessa til úrlausnar í þessu máli að því er varðar Kristján Inga.

III. Snemma morguns laugardaginn 12. apríl sl. vaknaði Valgerður Lárusdóttir, Efstasundi 67, kjallara, við það, að maður var kominn inn í svefnherbergi hennar og var að gera sig líklegan til að fara þar inn í skáp. Valgerður fór fram úr rúminu og hörfaði maðurinn þá út. Valgerður hringdi þá til lögreglu og síðar í dóttur sína, en meðan hún var að tala í símann, varð hún vör við annan mann, sem var þar á bak við hurð. Sá maður fór síðan út. Lögregluþjónar, sem komu á vettvang, handtöku ákærða Magnús Helga skömmu síðar við strætisvagnstöð skammt frá, en búningur hans svaraði til lýsingar Valgerðar á manni þeim, er síðar fór út úr íbúð hennar.

Ákærði Magnús Helgi hefur kannast við, að hann hafi ásamt ákærða Sigurði Stefáni farið inn í húsið Efstasund 67. Hann telur sig ekki hafa farið inn í þjófnaðarskyni, heldur hafi verið um öläðisrugl að ræða. Hann kveðst ekki muna, hvernig það atvikaðist, að þeir fóru þarna inn, en man eftir sér inni í íbúðinni. Hann man og eftir, er hann var handtekinn.

Samkvæmt vætti Valgerðar Lárusdóttur og lögregluþjóna þeirra, sem handtöku Magnús Helga, skýrði Valgerður þeim frá því strax og þeir komu, að milli 30 og 40 þús. kr. hefðu verið teknar úr veski sínu. Þá bera lögregluþjónarnir, að þeir hafi við leit á Magnúsi fundið 34.500 kr., er þeir hafi afhent Valgerði. Einnig fundu þeir á honum tvo pakka af sígarettum og afhentu Valgerði, sem taldi sig sjá það við athugun, að sígarettupakkar hefðu horfið úr skáp í eldhúsinu.

Ákærði Magnús Helgi telur sig ekkert muna til þess, að verðmæti þessi hafi fundist á honum.

Skýrsla, sem ákærði Sigurður Stefán Almarsson gaf fyrir rannsóknarlögreglu, er í samræmi við framburð Magnúsar Helga. Í skýrslunni segir, að hann muni ekki, hvernig það kom til, að þeir fóru þarna inn, en tilgangurinn hljóti að hafa verið að reyna að stela einhverju. Magnús Helgi hafi farið inn um opinn glugga og opnað síðan útidyrnar. Sigurður Stefán kveðst hafa farið inn í svefnherbergi til þess að fara þar í skáp, en kona, sem svaf í herberginu, hafi vaknað og þá hafi hann komið sér út úr húsinu, en Magnús Helgi orðið eftir. Þá segir í skýrslu Sigurðar Stefáns, að hann hafi séð Magnús Helga opna skáp í eldhúsinu og taka þar sígarettupakka.

IV. Aðfaranótt miðvikudagsins 27. febr. sl. braut ákærði Kristján Ingi nokkrar rúður í veitingastofunni Skeifunni við Tryggvagötu og fór þar inn í þjófnaðarskyni. Hann tók þarna nokkra pakka af sígarettum og hafði á brott með sér. Ákærði braut fjórar rúður með hnefanum og hlaut við það skurð á hendi.

V. Sannað þykir með framburði ákærða Sigurðar Markúsar og öðrum gögnum, að hann hafi aðfaranótt laugardagsins 8. des. 1979 (ekki 20. des. eins og segir í 1. lið þessa kafla ákærunnar) brotið tvær rúður í húsinu nr. 23 við Suðurgötu á Akranesi. Kveðst ákærði hafa unnið verk þetta í öläði. Síðar sömu nótt braust ákærði inn í húsið nr. 8 við Sóleyjargötu á Akranesi með þeim hætti, að hann skreið inn um glugga á baðherbergi. Hann tók þarna kveikjara, tvo sígarettupakka og peninga, sem hann sjálfur telur hafa numið 13—14.000 kr. Í gögnum málsins kemur fram, að eigandi hússins telur 25.000 kr. hafa horfið, en eins og ákæru er varið, verður miðað við, að ákærði hafi tekið um 14.000 kr.

Aðfaranótt laugardagsins 15. des. 1979 braut Sigurður Markús í öläði fjórar rúður í húsinu nr. 69 við Vesturgötu á Akranesi. Þar býr bróðir hans ásamt sambýliskonu sinni.

Sunnudagskvöldið 4. maí sl. braut Sigurður Markús í öläði rúðu í húsinu Laugarbraut 14 á Akranesi, þar sem móðir hans býr. Þaðan fór hann síðan að húsi Pósts og síma við Kirkjubraut, braut þar tvær rúður og fór inn í því skyni að eigin sögn að finna eitthvað fémætt, en ekki hafði hann neitt á brott með sér, er til kom.

Út af brotum þeim, sem um ræðir í þessum kafla, hefur ein krafa komið fram, svo sem er úr garði gerð, að hún verði tekin.

til úrlausnar í málinu. Er hún frá Pósti og síma, Akranesi, og er á þessa leið:

Vinnulaun (Trésmiðjan Akur)	62.957 kr.
Gler (Glerslípun Akraness)	35.580 kr.
Rimlagluggatjöld, áætlun	10.000 kr.

Samtals 108.537 kr.

Kröfu þessari mótmælir ákærði Sigurður Markús ekki.

Kröfugerðir húsráðenda á Suðurgötu 23 og Sóleyjargötu eru í rannsóknargögnum málsins svo óljósar, að þær urðu ekki teknar til meðferðar í málinu.

VI. Aðfaranótt sunnudagsins 10. júní 1979 var ákærði Sigurður Markús staddur á Breiðdalsvík og hafði komið þangað af Stöðvarfirði, þar sem hann hafði verið á balli. Þykir sannað, að hann hafi þessa nótt tekið tvær bifreiðar í heimildarleysi í Breiðdalsvík og ekið þeim nokkuð. Samkvæmt framburði ákærða fór hann fyrst inn í fólksbifreið og ók henni nokkurn spöl, en festi hana þá í leðju og gat ekki losað hana. Eftir það fór hann inn í Landroveréppa, sem kveikjulaslyklar stóðu í, og setti hann í gang, en hafði einungis hreyft hana lítið eitt, er eigandinn kom að og rak ákærða út úr bifreiðinni.

Samkvæmt gögnum málsins var hér um að ræða fólksbifreiðina U 2805, af gerðinni Lada, árg. 1974, en sú bifreið fannst, þar sem hún hafði fest í aurleðju, og U 1995, og var það eigandi hennar, Ari Guðmundsson, sem kom að ákærða og rak hann burt. Gögn málsins benda til þess, að það hafi verið eftir að ákærði tók U 1995 sem hann tók U 2805 og ók henni, en eins og áður segir, kveðst ákærði hafa verið búinn að festa Lada bifreiðina, áður en hann reyndi að taka hina.

Við rannsókn málsins greiddi ákærði bætur vegna skemmda á U 2805 á þann veg, að útgerðarmaður, sem ákærði var í skipsrúmi hjá, dró bótafjárhæðina, 62.849 kr., af launum ákærða.

NIÐURSTÖÐUR.

Með framburði ákærðu Bjarna, Kristjáns Inga og Sigurðar Markúsar og öðrum gögnum þykir sannað, að þeir hafi framið brot þau, sem talin eru í ákæru I, II og IV—VI og eru þar færð rétt til refsíákvæða.

Enn fremur er sannað, að ákærði Magnús Helgi fór inn í hús-ið Efstasund 67 að morgni laugardagsins 12. apríl. Samkvæmt vætti Valgerðar Lárusdóttur hvarf peningaupphæð úr veski

hennar, enn fremur sigarettupakkar, og samkvæmt vætti tveggja lögregluþjóna fannst á ákærða tilsvareandi fjárhæð og tveir sigarettupakkar, er ákærði gerði ekki grein fyrir og telur sig við meðferð máls þessa ekkert muna eftir. Þykir þannig verða að telja sannað, að ákærði hafi tekið verðmæti þessi, og hefur hann með því unnið til refsingar skv. 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu hafa allir sætt áður refsidómum.

Á árinu 1976 var ákæru á hendur ákærða Bjarna frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

25. jan. 1979. Ákvörðun um refsingu fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár.

28. mars 1979. 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi og auk þess 150.000 kr. sekt fyrir nytjastuld og ölvun við akstur (fyrri skilorðsdómur tekinn upp og mál dæmt í einu lagi).

1. ágúst 1979. 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og ölvun við akstur.

5. sept. 1979. Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

19. nóv. 1979. 4 mánaða fangelsi fyrir rán.

22. nóv. 1979. Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

31. jan. 1980. Sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en refsing ekki dæmd.

29. apríl 1980. 3 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og þjófnað.

Brot þau, sem ákærði Bjarni er nú dæmdur fyrir, eru framin fyrr en tveir síðustu refsidómar hans eru upp kveðnir. Svo sem áður segir, var ákærði dæmdur í 5 mánaða skilorðsbundið fangelsi 28. mars 1979, en verið dæmdur sex sinnum síðar. Ekki verður ráðið af sakavottorði, hvort skilorðsdómurinn hefur verið tekinn upp. Er dómarnir eru athugaðir, sést, að dómarnir hefur ekki tekið skýra afstöðu til þessa atriðis í neinum dómanna, en þó þykir vera ljóst, að refsing skv. dómnum 28. mars hafi aldrei verið tekin upp. Hér er þess að gæta, að öll þau brot, sem um ræðir í dómum þeim, sem upp hafa verið kveðnir eftir 28. mars 1979, eru framin á árinu 1978.

Með brotum þeim, sem Bjarni framdi 29. des. 1979, hefur hann rofið skilorð það, sem honum var sett í dómnum 28. mars 1979, og verður hann skv. 60. gr. alm. hegningarlaga dæmdur í einu lagi í refsingu fyrir öll brotin og gætt ákvæða 77. gr. og einnig

78. gr. alm. hegningarlaga. Refsingin verður ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Magnús Helgi varð 1971 uppvís að þjófnaðarbrotum, en refsingu var frestað skilorðsbundið. Sakavottorð hans greinir frá sams konar afgreiðslu á máli á árinu 1972. Síðan hefur hann sætt þessum refsisdómum:

25. maí 1973. 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir árás, þjófnað og eignaspell.

Sama dag 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað (refsing skv. fyrri dóminum tekin þar upp).

11. des. 1973. 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir nytjastuld og ölvun við akstur.

31. okt. 1974. 10 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, nytjastuld og umferðarlagabrot.

30. sept. 1975. 12 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalfals og þjófnað. (Staðf. í Hæstar. 1. apríl 1976).

3. nóv. 1976. 1 mánaðar fangelsi fyrir þjófnað.

7. des. 1978. 80 þús. kr. sekt fyrir ölvunarakstur.

10. okt. 1979. 360 þús. kr. sekt fyrir ölvunarakstur o. fl.

Samkvæmt sakavottorðinu var Magnúsi Helga veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 53 daga fangelsi, hinn 7. apríl 1979. Reynslutíminn hefur verið eitt ár, og eru eftirstöðvarnar því niður fallnar.

Refsing ákærða Magnúsar Helga verður með hliðsjón af ferli hans ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Ákærði Kristján Ingi varð 1977 uppvís að þjófnaði, en ákæru var frestað skilorðsbundið. Síðan hefur hann sætt þessum refsisdómum:

1. ágúst 1979. Ákvörðun um refsingu fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið.

23. ágúst 1979. 1 mánaðar skilorðsbundið fangelsi fyrir nytjastuld.

19. nóv. 1979. 2 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.

29. jan. 1980. 4 mán. fangelsi fyrir árás og þjófnað.

18. febr. 1980. 1 mánaðar fangelsi fyrir þjófnað.

12. maí 1980. Sakfelldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.

27. júní 1980. 3 mánaða fangelsi fyrir nytjastuld (fjögur brot framin 1978 og 1979).

Auk þess hefur Kristján sæst á greiðslu sekta, m. a. fyrir ölvunarakstur og fyrir brot gegn fíkniefnalöggjöf.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af 77. og 78.

gr. alm. hegningarlaga 5 mánaða fangelsi. Kristján Ingi sætti gæsluvarðhaldi 8. til 15. apríl sl., og verður sú vist dregin frá refsingu hans, þ. e. 7 dagar.

Á árinu 1977 var ákæru á hendur ákærða Sigurði Markúsi frestað skilorðsbundið, en með dómi, uppkveðnum 18. febr. sl., var ákvörðun um refsingu á hendur honum fyrir þjófnað frestað skilorðsbundið 2 ár. Í dóminum er ákærði sakfelldur fyrir 13 þjófnaðarbrot framin á árinu 1978.

Bot þau, sem Sigurður Markús er nú dæmdur fyrir, eru fram- in fyrir þann tíma, nema þau brot, sem greind eru í 4. og 5. lið V. kafla ákæru. Með þeim hefur hann rofið skilorð dómsins, og verður honum nú dæmd í einu lagi refsing fyrir öll brotin, sbr. 60. gr. alm. hegningarlaga. Refsingin verður með hliðsjón af 77. og einnig af 78. gr. alm. hegningarlaga ákveðin fangelsi 10 mán- uði. Hann verður dæmdur til greiðslu bóta til Pósts og síma, Akranesi, sbr. V hér að framan.

Ákærðu verða allir dæmdir in solidum til greiðslu sakarkostn- aðar, nema hvað Magnús Helgi greiði einn málsvarnarlaun skip- aðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlög- manns, 75.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði Bjarni Sigurðsson sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Magnús Helgi Kristjánsson sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Kristján Ingi Bragason sæti fangelsi 5 mánuði.

Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, 7 daga.

Ákærði Sigurður Markús Sigurðsson sæti fangelsi 10 mán- uði.

Ákærði Sigurður Markús greiði Pósti og síma, Akranesi, 108.537 kr.

Ákærði Magnús Helgi greiði málsvarnarlaun verjanda síns,

Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 kr.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.